

## Aðildargjald BFSÍ (valgreiðsla)

Aðildargjald BFSÍ skal vera 3.000.kr fyrir hvern skráðan iðkanda aðildarfélags, 18 ára og eldri, í síðustu starfskýrslum ÍSÍ. BFSÍ sendir út árlega valgreiðslukröfu á aðildarfélög sín og þau aðildarfélög sem geta og/eða vilja greiða aðildargjaldið eða hluta þess. Ógreidd aðildargjöld verða ekki að skuld aðildarfélags og ef þau hafa ekki verið greidd um áramót falla þau niður.

### Til skýringar vegna skamms fyrirvara:

Stjórn BFSÍ treystir að flest félög sjái sér hag í því að greiða aðildargjöld að BFSÍ til að þróa og byggja upp íþróttina. Að hafa aðildargjöld BFSÍ valgreiðslu (sem þýðir að félög ráða því hvort að þau greiða aðildargjaldið eða ekki) mun gefa meiri sveigjanleika fyrir aðildarfélög BFSÍ til að taka á aðstæðum sem upp geta komið í þeirra starfi, s.s. ef hart er í ári, óvænt atvik koma upp, aðrar forsendur eru til staðar innan félags, eða slíkt, þá geta þau félög valið að sleppa því að borga aðildargjöldin það ár, eða öll ár, eða greitt hluta, þetta er val.

Ef félag vill ekki eða getur ekki greitt aðildargjaldið er engin refsing við því að greiða það ekki, félagið tapar ekki atkvæðarétti á þingi, því er ekki sparkað út úr sambandinu, ekkert (það er ekkert prik).

Þau félög sem borga njóta engra sérstakra réttinda umfram þau félög sem greiða ekki, annað en þakkir frá BFSÍ í ársskýrslum (í raun er engin gulrót önnur en uppbygging íþróttarinnar sem þau stunda).

Mögulega í framtíðinni verður þeim félögum sem greiða aðildargjöldin gefin forgangur eða ódýrari þátttaka í fræðsluverkefnum eða einhverju slíku, en slíkt verður skoðað síðar af stjórn BFSÍ.

Aðildargjöldin eru til þess að þróa og byggja upp íþróttina s.s. mótahald, livestream, fræðslu, landslið og halda uppi starfsemi Bogfimisambands Íslands.

Ef lagabreytingatillaga tengt félagsgjöldum BFSÍ er samþykkt er þessi tillaga dregin til baka.